

**Ed.**

**1032. Breytingartillögur**

[368. mál]

við frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá Birni Dagbjartssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

1. Við 2. gr. 2. og 3. másl. orðist svo: Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum öðrum ákveðnar selarannsóknir skulu rannsóknáætlanir þar að lútandi sendar sjávarútvegsráðuneytinu. Þá skal sjávarútvegsráðuneytinu ávallt gert kleift að fylgjast með framgangi og niðurstöðum slíkra rannsókna.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Sjávarútvegsráðuneytið skal kynna Náttúruverndarráði, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélagi Íslands, Fiskifélagi Íslands og öðrum hagsmunaaðilum ákvarðanir sínar um selveiðar, friðun eða fækkun sela.
3. Við 4. gr. bætist ný mgr., svohljóðandi:  
Hverjum þeim, sem á selveiðihlunnindi, einn eða í félagi við aðra, er skylt að stunda selveiðar á landi sínu eftir því sem sjávarútvegsráðherra ákveður á hverjum tíma. Gegni viðkomandi ekki þessari skyldu sinni má sjávarútvegsráðherra ráðstafa selveiðiréttindum til annarra, sem áhuga hafa á því að nýta þau, gegn eðlilegu gjaldi til selveiðiréttindahafa.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Sjávarútvegsráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara eftir því sem nauðsyn krefur.